

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

1. Breyting á deiliskipulagi innan þéttbýlisins á Flúðum, svæði milli Skeiða- og Hrunamannavegar og Högnastaðaáss.
Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem nær til íbúðar- og athafnasvæðis milli Skeiða- og Hrunamannavegar og Högnastaðaáss. Nær skipulagið yfir göturnar Ása-, Högna- og Smiðjustíg, Austurhof og Sneiðin. Innan svæðisins eru í gildi nokkrar deiliskipulagsáætlanir sem hver og ein nær yfir nokkrar lóðir án tengsla við aðliggjandi svæði. Með nýju deiliskipulagi er verið að samræma skilmála og búa til heildstæða mynd af svæðinu. Með gildistöku þessarar breytingar falla úr gildi skipulag sem vísað er í í auglýsingunni og tilgreind eru í skipulagsgögnum.
Samþykkt í sveitarstjórn 13. ágúst 2014.
2. *Breyting á deiliskipulagi fyrir hálandismiðstöð í Kerlingarfjöllum.*
Breytingin felur í sér að á byggingarreit A (nýbygging við núverandi aðalbyggingu) er gert ráð fyrir að vegg hæð verði allt að 8 m í stað 6 m og að byggingarefni verði frjálst. Þá er gert ráð fyrir að fyrirhugað hús á reit B megi vera allt að 550 m² í stað 320 m² og að byggingarefni verði frjálst. Byggingarreitur C verður færður fjær Ásgarðsá og þar gert ráð fyrir tveimur allt að 110 m² þjónustuhúsum auk þess sem heimilt verður að færa á reitinn svokallaðar Nýpur sem nú eru á reit K. Á byggingarreit K er síðan gert ráð fyrir að í stað núverandi húsa (Nýpur) komi ein samfelld bygging allt að 720 m² að grunnfleti, tveggja hæða og 8 m há og að þar verði allt að 48 tveggja manna herbergi.
Samþykkt í sveitarstjórn 8. janúar 2015.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 30. mars 2015

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 1. apríl 2015